

**Samráðsfundur aðildarsveitarfélaga (ársfundur)
Náttúrustofu Vestfjarða (NAVE) fimmtudaginn 22. september 2022**
Fundurinn var haldinn hjá Náttúrustofu Vestfjarða að Aðalstræti 12 í Bolungarvík.
Fundurinn hófst kl. 13:30 og lauk 14:45.

Fundinn sátu:

Fulltrúar:

- Arna Lára Jónsdóttir, f.h. Ísafjarðarbæjar.
- Bragi Þór Thoroddsen, f.h. Súðavíkurbrepps.
- Guðrún Anna Finnbogadóttir, f.h. Vesturbyggðar.
- Lilja Magnúsdóttir, f.h. Tálknafjarðarhrepps.
- Matthías Sævar Lýðsson, f.h. Strandabyggðar í fjarfundi.
- Katrín Pálsdóttir, f.h. Bolungarvíkurkaupstaðar.

Starfsfólk:

- Friðbjörg Matthíasdóttir í fjarfundi (undir 4. og 5. lið).
- Sigurður Halldór Árnason.
- Hulda Birna Albertsdóttir.
- Margrét Thorsteinsson í fjarfundi.
- Guðfinna Lára Hávarðardóttir í fjarfundi.

Aðrir fundarmenn

- Catherine Chambers frá Ísafjarðarbæ.
- Smári Haraldsson stjórnarformaður.

1. Setning fundar

Formaður, Smári Haraldsson, setti fundinn og kannaði hvort athugasemdir væru við fundarboð og lögmati fundarins. Engar athugasemdir voru gerðar.

2. Kjör fundarstjóra og ritara

Smári stakk upp á sjálfum sér sem fundarstjóra og Guðrúnu Önnu Finnbogadóttur sem fundarritara og voru báðar tillögurnar samþykktar samhljóða.

3. Ársskýrsla 2021.

Forstöðumaður, Sigurður Halldór Árnason, fór yfir ársskýrslu sem lögð var fram og rakti meginþætti í starfseminni árið 2021. Sjá ársskýrslu 2021 á nave.is.

4. Ársreikningur 2021

Friðbjörg Matthíasdóttir fór yfir ársreikninga stofunnar fyrir árið 2021. Reikningarnir voru undirritaðir af stjórn og forstöðumanni og Bjarka Bjarnasyni f.h. Endurskoðunar Vestfjarða ehf.

Rekstartekjur voru kr. 132.785.534 (100.110.837 árið 2020) og rekstrargjöld kr. 129.326.094 (95.739.861 árið 2020). Fjármagnsgjöld voru kr. 215.578 (223.992) þannig að hagnaður af reglulegri starfsemi var kr. 3.243.862 (5.935.038). Eignir og eigið fé og skuldir í árslok 2021 voru kr. 19.925.617 (12.507.375 árið 2020).

Ársreikningur 2021 var lagður fyrir og samþykktur samhljóma.

5. Umræður um ársskýrslu, ársreikninga, verkefni og Samtök náttúrustofa.

Til máls tóku Arna Lára Jónsdóttir og spurði um Umhverfissvottun Vestfjarða og taldi of mikla vinnu í kringum bókhald vegna þessa verkefnis og ávinning ekki nægilega ljósan. Spurði hún hvort betra væri að fara aðrar leiðir? Einnig hvort að fyrirtækin á Vestfjörðum gætu notað vottun meira í kynningarefni sínu.

Forstöðumaður svaraði að NAVE væri að hanna leiðir til að safna upplýsingunum saman á auðveldari hátt og NAVE væri að vinna að þessu fyrir náttúruna og umhverfisverkefnið þyrfti alltaf að vera fyrir náttúruna.

Smári Haraldsson lagði til að NAVE, sveitafélögin og Vestfjarðastofa taki stöðuna og meti árangur og hvaða skref verði tekin næst í sambandi við EarthCheck eða aðrar vottanir.

Forstöðumaður fór yfir helstu verkefni Náttúrustofunnar sem framundan eru og gerði grein fyrir starfsemi Samtaka náttúrustofa.

Fundarstjóri vakti máls á að í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2023 væri boðað að framlag til náttúrustofa muni lækka um þá viðbótarupphæð sem stofurnar fengu á síðasta ári og óskaði eftir að aðildarsveitarfélögin legðust á árar til að koma í vega fyrir þessa skerðingu. Fundarstjóra og forstöðumanni falið að gera tiltölu að bókun varðandi þessa fyrirhuguðu lækkun, sem sveitarfélögin geta tekið fyrir.

Tillaga fundarstjóra og forstöðumanns er eftirfarandi:

„Samráðsfundur aðildarsveitarfélaga Náttúrustofu Vestfjarða, haldinn í Bolungarvík 22. september 2022, óskar eftir því að framlag til náttúrustofa árið 2023 verði ekki lækkað frá því sem var á árinu 2022, samanber áform í fjárlagafrumvarpi, liður c í málaflokki 17.20 Rannsóknir og vöktun á náttúru Íslands.“

Formaður stjórnar og stjórn þökkðu forstöðumanni og öðru starfsfólki NAVE fyrir góðan árangur í rekstri Náttúrustofunnar og vandaða ársskýrslu.

6. Kosninga stjórnar

Formaður var kjörinn Smári Haraldsson.

Aðrir í stjórn voru kjörnir Catherine Chambers frá Ísafjarðarbæ og Lilja Magnúsdóttir frá Tálknafjarðarhrepp.

Í varastjórn voru kjörin Matthías Sævar Lýðsson frá Strandabyggð (varamaður Smára Haraldssonar), Bragi Þór Thoroddsen frá Súðarvíkurhreppi (varamaður Catherine Chambers) og Guðrún Anna Finnbogadóttir (varamaður Lilju Magnúsdóttur).

7. Ákvörðun um þóknun stjórnarmanna.

Samþykkt var að þóknun stjórnarmanna skuli vera miðuð við sömu forsendur og áður, en formaður fær greidd 5% af þingfararkaupi alþingismanna og aðrir stjórnarmenn 3% fyrir hvern stjórnarfund.

8. Önnur mál

Matthías Sævar Lýðsson þakkar formanni fyrir að fylgjast með fjárlögum og sagði að í Strandabyggð hafi Náttúrustofan verið með 2,5 stöðugildi, en nú bæri það aðeins 30% og að það auki ekki viljann til samstarfs við Náttúrustofuna. Þá þakkaði hann starfsfólki Náttúrustofunnar fyrir vel unnin störf.

Í lok fundar var fundarstjóra og ritara falið að ganga frá fundargerð.

Fundi slitið kl. 14:45

Smári Haraldsson
fundarstjóri

Guðrún Anna Finnbogadóttir
fundarritari